

REGLUR

160

26. okt.

um gerð bjargbelta, bjargvesta, bjarghringa o. fl.

Samkvæmt 34. og 76. gr. laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, eru hér með settar reglur um gerð bjargbelta, bjargvesta og skilyrði fyrir viðurkenningu á þeim.

1. gr.

Bjargbelti og bjargvesti, sem notuð eru á íslenskum skipum, skulu búin til úr því efni og vera af þeirri gerð, sem skipaskoðun ríkisins viðurkennir.

Sérhvert bjargbelti eða bjargvesti skal þannig búið til, að það haldi máttlausum mannlíkama sem næst lóðréttum í vatni, og alltaf heldur í þá áttina að höfuðið hallist aftur á bak.

Beltið verður að fullnægja þessum ákvæðum, hvort heldur það er sett utan um líkamann eða því er smeigt yfir höfuðið.

2. gr.

Lýsing á gerð bjargvesta úr korki.

1. Bjargvesti skal, þegar það er tilbúið, vera 125 cm á lengd.
2. Handleggsop skulu vera ferhyrnd, um 20×20 cm, en bogamynduð í hornunum.
3. Korkið í hverju hólfi má vera í tveimur helmingum, negldum saman með tré-nöglum. Séu korkstykkinn ekki nægilega stór til að fylla hólfið, má bæta fleiri stykkjum við og negla þau saman á sama hátt.

Brúnirnar á korkinu skulu sléttaðar.

4. Hólf skulu vera það stór, að efnið geti hlaupið þegar það er vott.
5. Bandgöng skulu gerð það rúm, að böndin (sjá 6. gr.) verði léttilega dregin til, þó vestið sé vott.
6. Sé notuð hamplína í böndin, skal vel frá endunum gengið.
7. Bjargvesti skal greinilega merkt með varanlegum stöfum, nafni verksmiðjunnar eða vörumerki. Sú hlið, sem snýr að baki og frá skal merkja „Bak“. Áður en bjargvesti eru seld um borð í skip, skulu þau hafa fengið viðurkenningu skipaskoðunar ríkisins.

3. gr.

Lýsing á gerð bjargvesta úr kapoki.

1. Bjargvesti skal, þegar það er tilbúið, vera 125 cm á lengd.
2. Handleggsop skulu vera ferhyrnd, 18×10 cm, og bogmynduð í hornunum.
3. Kapokinu, 700 g, skal skipt í 4 púða, og séu tveir á bakinu og tveir að framan. Bakpúðarnir skulu vera 5 cm styttri (upp og niður) en brjóstpúðarnir, sem einnig skulu vera breiðari en bakpúðarnir.
4. Bandop skal haft það rúmt, að bandið (sjá 6. gr.) verði léttilega dregið til, þó vestið sé vott.
5. Bandið skal sauma fast í miðju, svo það dragist ekki úr.
6. Sé notuð hamplína í bandið skal vel frá endum hennar gengið.
7. Bjargvesti úr kapoki skulu merkt á sama hátt og bjargvesti úr korki.

4. gr.

Efni og fleytimagn.

Sem tróð í bjargbelti eða bjargvesti má nota kork, kapok eða annað efni, sem viðurkennt er af skipaskoðun ríkisins. Hreindýrshár, sef, korkmyslnu, smákork eða

160 aðra afganga af nefndum efnunum má ekki nota. Bjargbelti eða bjargvesti blásin út 26. okt. með lofti eru ekki viðurkennd.

a. Bjargbelti og bjargvesti úr korki.

Kork, sem notað er, skal vera 1. flokks að gæðum og ekki vega yfir 0,194 kg hver dm^3 (5,5 kg hvert enskt rúmfet). Korkið verður að vera hreint og í stykkjum, sem ekki eru minni en 165 m^3 (10 enskir rúmpumlungar). Undanþegin eru þó axlastykki eða önnur slík stykki.

Bjargbelti eða bjargvesti úr korki skulu geta flotið í hreinu vatni með 7,5 kg af járn í 24 klst.

b. Bjargbelti og bjargvesti úr kapoki.

Kapok það, sem notað er, skal vera hreint Java-kapok og 1. flokks að gæðum. Í því má ekkert fræ vera eða önnur óhreinindi. Í hverju bjargbelti eða bjargvesti skal vera minnst 0,7 kg (24 oz.) af kapoki, jafnt troðið, og skal það geta flotið með 8 kg af járn í 24 klst.

5. gr.

Dúkur.

Dúkurinn getur verið úr líni eða bómull, er fullnægi þessum ákvæðum:

1. Líndúkur, sem er 0,685 m á breidd (27 enskir þuml.), má ekki vega minna en 1866 g hver metri (6 oz. pr. yard). Sé dúkurinn breiðari, skal þunginn vera í sama hlutfalli og áður greint. Dúkurinn skal vera nýr og heill, en ekki með gljáa né litarefnum, en má vera hvort sem er bleikjaður eða óbleikjaður.
2. Bómullardúkur verður að vera hreinn, óbleikjaður og ekkert lím má vera í honum eða önnur óviðkomandi efni. Bómullardúkur, sem er 0,685 m á breidd (27 enskir þuml.), má ekki vega minna en 155 g hver metri (5 oz. pr. yard), og hlutfallslega jafnmikið, sé dúkurinn af annarri breidd.
3. Leyft skal að nota íborinn (inpregneret) bómullardúk, sé það gert af framleiðanda sjálfum. Efni svo sem „Antispoil“ og „Cuprinol“ eru viðurkennd og notuð til þessa.

6. gr.

Bönd.

Böndin, sem notuð eru í beltin eða vestin, skulu ofin úr língarni og vera minnst 3 cm á breidd ($1\frac{1}{4}$ enskur þuml.). Þeim skal þannig komið fyrir, að fljótt og auðvelt sé að herða á þeim og hnýta. Í stað línbands má nota hamplínu sem er 19 mm í ummál. Böndin skulu fest í beltið eða vestið á þann hátt, að auðvelt sé að skipta um þau.

7. gr.

Saumur.

Allir saumar skulu vera úr línþræði, sem ekki sé mjórri en nr. 25 (enskt þræðmál). Opin, sem korkinu er stungið inn um, skulu saumuð saman með tvöföldum þræði.

8. gr.

Merking.

Öll bjargbelti og bjargvesti skulu merkt á greinilegan og varanlegan hátt með nafni verksmiðjunnar eða vörumerki, og áður en þau eru tekin í notkun, viðurkennd af skipaskoðun ríkisins.

Bjargbelti og bjargvesti má ekki mála.

9. gr.

160

26. okt.

Viðurkenning.

Beiðni um viðurkenningu á hjargbeltum og hjargvestum skal senda Skipaskoðun ríkisins og skal henni fylgja fyrirmynd með nákvæmri lýsingu og greinargerð um, hvernig nota skuli.

Fullnægi þau settum reglum, gefur skipaskoðunin út viðurkenningarvottorð. Viðurkenningin er látin í té án endurgjalds, en kostnaður vegna viðurkenningarinnar, ef einhver er, greiðist af beiðanda.

Þegar viðurkenning er fengin, hvílir sú skylda á framleiðanda að láta skipaskoðun ríkisins í té leiðbeiningar til skipaskoðunarmanna með mynd og lýsingu á því, hvernig á að setja hjargbeltið eða vestið á sig, og sams konar leiðbeiningar skulu látnar af hendi til þeirra, er kaupa hjargbelti eða vesti.

10. gr.

Bjarghringar.

Bjarghringar skulu gerðir úr heilu korki eða korkstykki, trénegldum og vel felldum saman, eða öðru efni, sem skipaskoðun ríkisins viðurkennir. Hreindýrahár, sef, kapok, korkspæni eða korkmylsnu má ekki nota, og heldur ekki hjarghringa, sem blásnir eru upp með lofti.

Bjarghringur skal geta flotíð í hreinu vatni í 24 klst. með 14,5 kg af jární. Utan um korkið skal saumaður strigi, vel málaður og með kaðalumgerð. Innanmál hringsins skal vera minnst 45 cm (18 enskir þum.). Bjarghringar skulu málaðir rauðir og hvítir í fjórum reitum, hvítum og rauðum til skiptis. Á þá skal einnig mála nafn skipsins og heimilisfang, eða sé það fiskiskip, nafn skipsins, umdæmisbókstafi og tölur.

11. gr.

Brot gegn reglum þessum varða sektum.

12. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Samgöngumálaráðuneytið, 26. október 1949.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Blóma- og trjáræktarsjóð Súgfirðinga“ 161
 inga“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 21. sept. 1949. 21. sept.
 Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Blóma- og trjáræktarsjóð Súgfirðinga.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Blóma- og trjáræktarsjóður Súgfirðinga.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með 1000 — eitt þúsund — króna gjöf frá Þórði Þórðarsyni og Sigríði Einarsdóttur á 50 ára hjúskaparafmæli, til minningar um Sigríði Ástu dóttur þeirra, er lézt 2. des. 1946.